

Skýrsla Lávarðadeildar Sörla starfsárið 2017 / 2018

Lávarðadeildin hélt 2 fundi á starfsárinu. Á fyrri fundinum var m.a. rætt um vegvísana, og hættulegu innkomuna við Káldárselsveg á reiðveginum frá Hvaleyjarvatni sem er í vinnslu.

Það er ánægjulegt að bæði vegvísarnir eru komnir upp og breyting hefur verið gerð á innkomunni, sem er til batnaðar.

Á seinni fundinum, sem haldinn var með fulltrúum stjórnar, snérist umræðuefnið m.a. um súpufundinn sem fyrirhugaður var 23. febrúar á þessu ári. Við fengum Sigurð Sæmundson sem sögumann. Lét hann gamminn geisa um hestamennskuna fyrr og síðar, lýstu fundarmenn ánægju sinni með frásögn Sigga.

Fyrir hönd Lávarðadeildar

Vilhjálmur Ólafsson
deildarformaður